Markaðsupplýsingar

Lánamál ríkisins

Lánamál ríkisins – Kalkofnsvegi 1 – 150 Reykjavík – vefsíða: lanamal.is – Netfang: lanamal@lanamal.is

2. tbl. 15. árg. febrúar 2014

Nýjung í Markaðsupplýsingum

Í þessu tölublaði Markaðsupplýsinga eru birtar í fyrsta skipti upplýsingar um ríkisverðbréfaeign banka í slitameðferð. Þær er að finna á bls. 6 í töflunni eigendur ríkisverðbréfa. Um er að ræða LBI hf., Kaupþing hf., Glitnir hf., og SPB hf. Áður var eign þessara aðila talin með eign banka og sparisjóða.

Útboð ríkisvíxla

Þann 13. janúar var haldið útboð á 3ja (RIKV 14 0415) og 6 mánaða (RIKV 14 0715) ríkisvíxlum. Útboðsfyrirkomulag var hefðbundið, lægsta samþykkta verð réð söluverði (hæstu flatir vextir). Alls bárust 5 gild tilboð í 3ja mánaða flokkinn að fjárhæð 3.650 m.kr. að nafnverði og var tilboðum tekið fyrir 3.200 m.kr. Samþykkt verð í útboðinu var 99,012 sem samsvarar 3,99% flötum vöxtum. Í 6 mánaða flokkinn bárust alls 7 gild tilboð að fjárhæð 4.250 m.kr. að nafnverði og var tilboðum tekið fyrir 4.230 m.kr. Samþykkt verð í útboðinu var 97,980 sem samsvarar 4,10% flötum vöxtum.

Samkvæmt upplýsingum frá aðalmiðlurum keypti dreifður hópur innlendra fjárfesta allt sem selt var.

Útboð ríkisbréfa

Samkvæmt útgáfuáætlun Lánamála ríkisins átti að halda útboð 10. og 24. janúar en þau voru bæði felld niður.

Gjaldeyrisútboð

Ekkert gjaldeyrisútboð var í mánuðinum.

Standard & Poor's breytir lánshæfishorfum ríkissjóðs

Þann 24. janúar birti lánshæfismatsfyrirtækið Standard & Poor's skýrslu þar sem horfum um lánshæfi ríkissjóðs var breytt í stöðugar úr neikvæðum vegna þess að dregið hefði úr áhættu sem tengist ríkisfjármálum. Jafnframt voru lánshæfiseinkunnirnar BBB- og A-3 staðfestar.

Staða ríkisábyrgða

Staða ríkisábyrgða var 1.264 ma.kr. í lok desember 2013. Á bls. 11 eru birtar frekari upplýsingar um ríkisábyrgðir.

Greiðslumiðlun og fjármálainnviðir

Þeir sem lengi hafa verið á markaðnum muna þá tíð þegar ekið var í leigubílum milli fjármálafyrirtækja til að afhenda húsbréf eða spariskírteini eftir að her manns hafði setið sveittur við að framselja þau í stórum bunkum. Nú eru aðrir tímar, öll viðskipti orðin rafræn. En í daglegum störfum er ekki víst að allir aðilar á skuldabréfamarkaði leiði hugann að því hvað fær markaðinn til að virka, af hverju fær kaupandi alltaf verðbréfin sem keypt eru og seljandi fær alltaf greiðsluna?

Seðlabanki Íslands gaf í september sl. út ritið Fjármálainnviðir þar sem fjallað er á ítarlegan hátt um greiðslumiðlun, fjármálainnviði og þýðingu þeirra. Í einfaldaðri mynd mætti segja að greiðslumiðlun feli í margvíslegum skilningi í sér flutning og afhendingu verðmæta frá greiðanda til móttakanda, hvort sem það gerist með afhendingu eða rafrænum hætti og fjármálainnviðir séu sérhæfðar lausnir sem sjá um að greiðslumiðlun, í öllum sínum myndum, gangi upp á þann hátt að greiðsla berist móttakanda (seljanda) og mótaðili (kaupandi) fái hið greidda afhent.

Efnisyfirlit

Markaðsskuldabréf, eiginleikar
Skuldir ríkissjóðs
Eigendur
Verðbréfalán, endurgreiðsluferill og viðskipti með ríkisverðbréf í NASDAQ OMX á Íslandi
Útboð ríkisvíxla
Vaxtaferlar
Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa
Niðurstöður útboða
Niðurstöður síðustu útboða
Vaxta- og gengisþróun
Ríkisábyrgðir

Útgáfa ríkisbréfa á fyrsta ársfjórðungi 2014

Skuldabréfaflokkar *Fjárhæðir í ma. kr.*	*Hámark*	*Raun útgáfa*
RIKB 16 1013	15	
Nýr flokkur - RIKB 20	15	
RIKB 31 0124	10	

Útgáfa ríkisbréfa á árinu m.v. 31. janúar 2014

Almenn útboð
Skuldabréfaflokkar

Fjárhæðir í ma. kr.	*Söluverð*
RIKB 16 1013	0
Nýr flokkur - RIKB 20	0
RIKB 31 0124	0
Samtals	0

Gjaldeyrisútboð
Skuldabréfaflokkar

Fjárhæðir í ma. kr.	*Verðbætt söluverð*
RIKS 33 0321	0
Samtals	0
Samtals útgefið á árinu	0

Upplýsingar í þessu riti koma frá Seðlabanka Íslands og upplýsingaveitum sem taldar eru áreiðanlegar.

Upplýsingar miða við lok síðustu mánaðamóta, nema annað sé tekið fram.

Hér á landi eru þrjú kerfi sem teljast kjarnafjármálainnviðir, stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands og jöfnunarkerfi Greiðsluveitunnar ehf. gera það á grundvelli laga nr. 90/1999 um öryggi fyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum. Þriðja kerfið, verðbréfauppgjörskerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf., telst til kjarnafjármálainnviða á grundvelli mikilvægis vegna kerfisáhættu að mati Seðlabanka Íslands.

Stórgreiðslukerfið miðlar milli fjármálastofnanna greiðslum sem ná stórgreiðslumörkum sem nú eru 10 m.kr., einnig fer fram í kerfinu endanlegt uppgjör úr jöfnunarkerfinu og verðbréfauppgjörskerfinu.

Jöfnunarkerfið miðlar fjárhæðum þar sem greiðslufyrirmæli eru undir 10 m.kr. og skilar greiðslum til móttakenda í rauntíma.

Verðbréfauppgjörskerfið annast uppgjör hluta- og skuldabréfa sem eru skráð í Nasdaq OMX á Íslandi og færa bréf milli kaupenda og seljenda. Því ferli er lýst á nákvæman hátt á bls. 32 í ritinu Fjármálainnviðir og er sú lýsing endurtekin hér. Leitast er við að skýra hlutverk mismunandi aðila og kerfa í ferlinu frá því viðskipti eru gerð þar til búið er að gera þau upp.

- Markaðsaðilar eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin hönd eða fyrir viðskiptavini sína. Þegar markaðsaðilar hafa staðfest viðskiptin sín á milli staðfestir Kauphöllin skilmála verðbréfaviðskiptanna *(e. confirmation)*.
- Verðbréfaskráning vinnur úr viðskiptunum og skráir réttindi og skyldur markaðsaðila í tengslum við skipti á verðbréfum og peningum *(e. clearing)*.
- Verðbréfaskráning sendir Seðlabanka Íslands áætlun um jöfnunarstöður vegna uppgjörs sem eiga að koma til framkvæmda næsta dag. Viðskipti með skuldabréf koma til uppgjörs næsta bankadag (T+1) en viðskipti með hlutabréf koma til uppgjörs þremur bankadögum eftir viðskipti (T+3).
- Pöruð viðskipti bíða á svokölluðum úthlutunarreikningum þar til að reikningsstofnun hefur skráð upplýsingar um endanlega kaupendur og seljendur. Pörunin fyrir fyrra uppgjör er gerð frá kl. 09:00 til 11:15. Pörun fyrir síðara uppgjör er gerð frá kl. 11:46 til 14:30. Sjálf uppgjörin eru framkvæmd kl. 11:45 og kl. 15:00 á bankadögum.
- Verðbréfaskráning sendir endanlega greiðsluskrá kl. 11:20 vegna fyrra uppgjörs og kl. 14:35 vegna þess síðara.
- Seðlabankinn tekur frá fjármuni af stórgreiðslureikningum þátttakenda og leggur inn á biðreikninga vegna uppgjörsins í samræmi við greiðslufyrirmæli Verðbréfaskráningar.
- Komi upp sú staða að reikningsstofnun eigi ekki verðbréf til afhendingar, hefur Verðbréfaskráning heimild til að leiðrétta uppgjörið og reikna nýjar nettóstöður.
- Verðbréfaskráning sendir Seðlabankanum staðfestingu um að uppgjöri sé lokið kl. 11:45 og kl. 15:00 og að rafræn verðbréf hafi verið afhent kaupanda *(e. delivery)*.
- Seðlabankinn flytur fjármuni af uppgjörsreikningum kaupenda yfir á uppgjörsreikninga seljenda kl. 11:45 og kl. 15:00. Í kjölfar þess eru innstæður á peningalegum uppgjörsreikningum seljenda millifærðar yfir á stórgreiðslureikninga þeirra (*e. payment)*.

Umsjón með útgáfu

Auður Gústafsdóttir
audur.gustafsdottir@sedlabanki.is

Björgvin Sighvatsson
bjorgvin.sighvatsson@sedlabanki.is

Davíð Sigurjónsson
david.sigurjonsson@sedlabanki.is

Hafsteinn Hafsteinsson
hafsteinn.hafsteinsson@sedlabanki.is

Kjartan Hauksson
kjartan.hauksson@sedlabanki.is

Oddgeir Gunnarsson
oddgeir.gunnarsson@sedlabanki.is

Ábyrgðarmaður

Sturla Pálsson
sturla.palsson@sedlabanki.is

Markaðsskuldabréf, eiginleikar

Innlendar markaðsskuldir

Flokkur	*ISIN*	*Útgáfudagur*	*Innlausnar-dagur*	*Vextir, %*	*Greiðslu-tegund*	*Meðaltími í árum**	*Lánstími í árum*
Ríkisvíxlar							
RIKV 14 0217	IS0000023752	15.8.2013	15.1.2014	0,00	Kúlubréf	0,05	0,04
RIKV 14 0317	IS0000023851	15.9.2013	17.2.2014	0,00	Kúlubréf	0,13	0,05
RIKV 14 0415	IS0000023943	15.10.2013	17.3.2014	0,00	Kúlubréf	0,21	0,12
RIKV 14 0616	IS0000024248	15.12.2013	15.4.2014	0,00	Kúlubréf	0,38	0,20
RIKV 14 0715	IS0000024370	15.1.2014	15.7.2014	0,00	Kúlubréf	0,46	0,45
Óverðtryggð ríkisbréf							
RIKB 14 0314	IS0000021244	14.3.2012	14.3.2014	4,75	Kúlubréf	0,12	0,12
RIKB 15 0408	IS0000022952	27.3.2013	8.4.2015	4,50	Kúlubréf	1,14	1,18
RIKB 16 1013	IS0000020253	22.10.2010	13.10.2016	6,00	Kúlubréf	2,53	2,70
RIKB 19 0226	IS0000017077	26.2.2008	26.2.2019	8,75	Kúlubréf	4,06	5,07
RIKB 22 1026	IS0000020717	26.10.2011	26.10.2022	7,25	Kúlubréf	6,70	8,73
RIKB 25 0612	IS0000019321	12.6.2009	12.6.2025	8,00	Kúlubréf	7,69	11,36
RIKB 31 0124	IS0000020386	24.1.2011	24.1.2031	6,50	Kúlubréf	10,62	16,98
RIKH 18 1009	IS0000019453	2.9.2009	9.10.2018	Br. vext.	Kúlubréf	0,08	4,69
Verðtryggð ríkisbréf							
RIKS 15 1001	IS0000000081	29.9.1995	1.10.2015	Vaxtalaust	Kúlubréf	1,67	1,67
RIKS 21 0414	IS0000020014	14.4.2010	14.4.2021	3,80	Kúlubréf	6,29	7,20
RIKS 30 0701	IS0000020576	1.7.2011	1.7.2030	3,25	Kúlubréf	12,91	16,41
RIKS 33 0321	IS0000021251	21.3.2012	21.3.2033	3,00	Kúlubréf	14,54	19,13
Meðaltal markflokka						4,9	7,8

* Macaulay.

Erlendar markaðsskuldir

Flokkur	*ISIN*	*Útgáfudagur*	*Innlausnar-dagur*	*Vextir, %*	*Greiðslu-tegund*	*Meðaltími í árum**	*Lánstími í árum*
USD 4,375% 10 Mar 2014	XS0187753362	10.3.2004	10.3.2014	4,375	Kúlubréf	0,11	0,10
GBP 14,5% 31 Jan 2016	GB0004556113	15.1.1981	31.1.2016	14,500	Kúlubréf	1,88	2,00
USD 4,875% 16 Jun 2016	USX3446PDH48	16.5.2011	16.6.2016	4,875	Kúlubréf	2,24	2,37
USD 5,875% 11 May 2022	USX34650AA31	11.5.2012	11.5.2022	5,875	Kúlubréf	6,57	8,27
EUR Euribor+2,75% 15 Mar 2025	XS0515310943	1.6.2010	15.3.2025	Euribor+275bp	Afb. 2 ári	0,12	5,29
Meðaltal markflokka						3,5	4,9

* Macaulay.

Skuldir ríkissjóðs

Innlendar skuldir ríkissjóðs í lok janúar 2014

Flokkur	Nafnverð í upphafi mánaðar	Áfallnar verðbætur	Sala/ innlausn, nafnverð	Nafnverð m/áföllnum verðbótum í lok mánaðar	Lánstími í árum	Markaðsverð (m.kr.)	Hlutfall af innlendum skuldum
Ríkissvíxlar							
RIKV 14 0115	11.570		-11.570	0	0,00	0	0,0
RIKV 14 0217	4.236			4.236	0,05	4.229	0,4
RIKV 14 0317	1.175			1.175	0,12	1.170	0,1
RIKV 14 0415	3.580		3.200	6.780	0,20	6.730	0,6
RIKV 14 0616	1.025			1.025	0,37	1.010	0,1
RIKV 14 0715	0		4.230	4.230	0,45	4.153	0,4
Samtals	21.586			17.446	0,23	17.293	1,6
Óverðtryggð ríkisbréf							
RIKB 14 0314	24.508			24.508	0,12	24.496	2,3
RIKB 15 0408	22.945			22.945	1,18	22.902	2,2
RIKB 16 1013	58.683			58.683	2,70	59.915	5,5
RIKB 19 0226	87.723			87.723	5,07	97.548	8,3
RIKB 22 1026	58.613			58.613	8,73	61.086	5,5
RIKB 25 0612	87.263			87.263	11,36	95.858	8,2
RIKB 31 0124	66.326			66.326	16,98	63.872	6,3
RIKH 18 1009*	212.911			212.911	4,69	217.790	20,1
Samtals	618.973			618.973	6,88	643.469	58,5
Verðtryggð ríkisbréf							
RIKS 15 1001	11.328	16.018	-479	26.867	1,67	25.872	2,5
RIKS 21 0414	60.934	9.611		70.545	7,20	65.900	6,7
RIKS 30 0701	62.348	6.807		69.155	16,41	67.527	6,5
RIKS 33 0321	29.094	2.181		31.276	19,13	29.093	3,0
Samtals	163.705	34.617		197.843	11,56	188.392	18,7
Útgáfa skuldabréfs vegna Seðlabanka Íslands				170.950	0,13		16,1
Aðrar skuldir ríkissjóðs **				52.459	8,46		5,0
Innlendar skuldir samtals				1.057.670	6,62		100,0

*Eiginfjárframlag ríkisins til fjármálastofnanna.
**Stærsti hlutinn er lán ríkisins vegna Landsvirkjunar og yfirteknar ríkisábyrgðir.

Erlendar skuldir ríkissjóðs

Flokkur		Útgefið nafnverð	Eftirstöðvar nafnverðs	Nafnverð ISK	Lánstími í árum
Erlend skuldabréf					
USD 4,375% 10 Mar 2014	(MTN)	200	200	23.228	0,10
GBP 14,5% 31 Jan 2016		30	28	5.407	2,00
USD 4,875% 16 Jun 2016	(MTN)	1.000	1.000	116.140	2,37
USD 5,875% 11 May 2022		1.000	1.000	116.140	8,27
EUR Euribor+2,75% 15 Mar 2025	(MTN)	402	237	37.290	5,29
Samtals				298.205	4,85
Erlend tvíhliðalán					
PLN Wibor+2,75% 30 Sept 2022		630	204	7.559	5,00
EUR Euribor+2,75% 30 Dec 2021	(DK)	480	199	31.311	6,54
EUR Euribor+2,75% 30 Dec 2021	(FIN)	320	132	20.769	6,54
EUR Euribor+2,75% 30 Dec 2021	(SWE)	495	205	32.255	6,54
Samtals				91.893	6,41
Erlendar skuldir samtals				390.098	5,22

Markaðsupplýsingar

Heildarskuldir ríkissjóðs


	Nafnverð með áföllnum verðbótum	*Veginn lánstími*
Óverðtryggðar skuldir	636.419	6,70
Verðtryggðar skuldir	421.252	6,51
Erlendar skuldir	390.098	5,22
Samtals	1.447.768	6,25
Hlutfall skulda af vergri landsframleiðslu*		81,7

* Verg landsframleiðsla er miðuð við spá Seðlabanka Íslands í nýjasta hefti Peningamála.


Heildarskuldir að frádregnum endurlánum og sjóðsstöðu ríkissjóðs

	Nafnverð með áföllnum verðbótum
Endurlán og sjóðsstaða í seðlabanka	
Óverðtryggð endurlán	2.951
Verðtryggð endurlán	99.194
Erlend endurlán	61.174
Innlend sjóðsstaða	68.654
Erlend sjóðsstaða	314.598
Samtals	546.571
Hrein skuld	
Óverðtryggðar skuldir	564.814
Verðtryggðar skuldir	322.058
Erlendar skuldir	14.326
Hrein skuld ríkissjóðs	901.197
Hlutfall hreinna skulda af vergri landsframleiðslu	50,9


Þróun skulda ríkissjóðs




Skipting lánasafns ríkissjóðs



Skipting lánasafns ríkissjóðs 2002-2013



Meðallánstími lánasafns ríkissjóðs




Eigendur

Eigendur ríkisverðbréfa 31. janúar 2014*


Nafnverð í m.kr.	*RIKB 14*	*RIKB 15*	*RIKB 16*	*RIKB 19*	*RIKB 22*	*RIKB 25*	*RIKB 31*	*RIKH 18*	*RIKS 21*	*RIKS 30*	*RIKS 33*	*Alls*	*Víxlar alls*
Innlendir aðilar													
Bankar og sparisjóðir	1.070	611	1.357	3.362	1.900	1.728	1.582	196.845	834	400	206	209.895	400
Bankar í slitameðferð	3.777	5.774	0	404	0	0	0	0	0	0	0	9.955	10.616
Ýmis lánafyrirtæki	0	100	0	1.650	220	190	0	3.067	1.890	14.550	12.590	34.256	0
Verðbréfa- og fj.sjóðir	2.139	613	1.362	10.680	7.774	4.699	5.383	1.150	21.317	7.226	413	62.758	2.270
Lífeyrissjóðir	70	50	960	16.996	33.112	70.505	57.962	0	18.990	38.197	5.187	242.030	0
Fyrirtæki	3.623	1.490	2.277	9.169	1.818	1.641	1.490	3.200	4.564	286	1.316	30.875	3.924
Einstaklingar	211	0	320	2.759	1.735	914	373	0	4.664	393	3.109	14.478	36
Aðrir	934	1.675	3.196	4.040	3.262	6.027	781	500	4.303	258	2.160	27.137	200
Erlendir aðilar	23.930	20.632	55.980	40.402	10.370	3.164	1.105	8.149	6.768	1.037	4.114	175.652	0
Samtals	35.754	30.945	65.453	89.463	60.192	88.868	68.676	212.911	63.330	62.348	29.094	807.036	17.446

* Verðbréfalán frá útgefanda til aðalmiðlara koma til hækkunar.


Eigendur ríkisbréfa*




Eigendur ríkisvíxla 31. janúar 2014*



Eigendur markflokka ríkisverðbréfa 31. janúar 2014*




Hlutfall erlendra eigenda í ríkisverðbréfum 31. janúar 2014*




* Upplýsingar byggja á gögnum frá Verðbréfaskráningu Íslands og lánastofnunum.

Verðbréfalán, endurgreiðsluferill og viðskipti með ríkisverðbréf


Meðalstaða verðbréfalána ríkisverðbréfa




Staða verðbréfalána eftir flokkum í lok síðasta mán.



Endurgreiðsluferill lána ríkissjóðs




Viðskipti með ríkisbréf í NASDAQ OMX á Íslandi




Útboð ríkisvíxla

Útboð 3 mánaða ríkisvíxla




Útboð 6 mánaða ríkisvíxla




Vaxtaferlar

Verðtryggðir vaxtaferlar



Óverðtryggðir vaxtaferlar



Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa


Ávöxtunarkrafa stuttra óverðtryggðra ríkisbréfa



Ávöxtunarkrafa milli-langra óverðtryggðra ríkisbréfa



Ávöxtunarkrafa langra óverðtryggðra ríkisbréfa



Ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkisbréfa




Niðurstöður útboða

Útboð í milljónum króna frá ársbyrjun 2014

Dagsetning		Tilboð Söluverð	Tilboð Nafnverð	Fjöldi tilboða	Fjöldi samþ. tilboða	Ávöxtun, %	Samþykkt Söluverð	Samþykkt Nafnverð	Viðb. útgáfa nafnverð	Samtals að söluverði
Óverðtryggð ríkisbréf, sala										
		0	0				0	0	0	0
Samtals		0	0				0	0	0	0
										Verðbætt söluverð
Verðtryggð ríkisbréf, sala										
		0	0	Gjaldeyrisútboð			0	0		0
Samtals		0	0				0	0		0
									Samtals alls	0
Ríkisvíxlar, sala										
13.01.14	RIKV 14 0415	3.580	3.650	5	2	3,99	3.138	3.200		
13.01.14	RIKV 14 0715	4.168	4.250	7	6	4,10	4.148	4.230		
Samtals		7.748	7.900				7.287	7.430		

Niðurstaða síðustu útboða

Niðurstöður síðustu útboða ríkisbréfa á söluverði



Næstu fyrirhuguðu útboðsdagar eru:


13. febrúar 2014 - Útboð ríkisvíxla
21. febrúar 2014 - Útboð ríkisbréfa

Samstarfsaðilar


Aðalmiðlarar ríkisverðbréfa	*Sími*	*Bloomberg*
Íslandsbanki	+354 440 4000	ISLA
Arion banki	+354 444 6000	KAUP
MP banki	+354 540 3200	MPIB
Landsbankinn	+354 410 4000	LAIS
Straumur	+354 585 6600	

Vaxta- og gengisþróun


Gengisskráning evru og veðlánavextir



Verðbólguálag



Óverðtryggðir ávöxtunarferlar




Ríkisábyrgðir


Staða ríkisábyrgða 2008–2013

	Árslok	*Eftirstöðvar í árslok*				
M.kr.	*2013*	*2012*	*2011*	*2010*	*2009*	*2008*
Lánastofnanir	935.645	956.735	961.148	927.947	901.382	836.144
Íbúðalánasjóður	923.492	942.169	943.880	910.657	878.552	814.247
Byggðastofnun	12.153	14.565	16.993	17.038	22.586	21.670
Annað	0	0	275	253	243	227
Sameignar- og hlutafélög	324.844	358.920	250.744	251.455	271.714	250.031
Landsvirkjun sf	309.531	342.231	233.417	232.854	251.128	234.097
RARIK ohf.	2.343	2.638	2.794	3.063	5.220	5.450
Farice ehf.	6.446	6.828	7.025	7.357	7.056	1.657
Isavia ohf.	2.507	2.917	3.106	3.639	3.483	3.368
RÚV ohf.	3.224	3.479	3.553	3.685	3.944	4.607
Annað	793	828	849	857	882	853
Atvinnuvegir/sveitarfélög	3.760	3.964	5.357	5.242	38.523	33.621
Viðskiptabankar	0	0	1.608	1.693	28.220	23.659
Norræni fjárfestingarbankinn	2.956	3.110	2.855	2.709	2.813	2.706
Annað	804	854	894	840	7.490	7.256
Ríkisábyrgðir samtals	1.264.249	1.319.619	1.217.250	1.184.644	1.211.618	1.119.796


Heildarskuldir ríkissjóðs og hlutfall af VLF 2005–2013




Endurgreiðsluferill ríkisábyrgða




Hlutföll gjaldmiðla ríkisábyrgða



Hlutföll erlendra gjaldmiðla ríkisábyrgða



Vextir: Fastir vs. breytilegir



Skýringar:

- Ríkisábyrgðir eru birtar með áföllnum vöxtum og verðbótum. Ríkisábyrgðir í erlendri mynt eru birtar á sölugengi í lok tímabils. Tölur fyrir 2013 eru bráðabirgða.
- Tölur fyrir Íbúðalánasjóð sýna verðbréfaútgáfu með áföllnum vöxtum og verðbótum, utan húsbréfa, sem eru á markaðsvirði. Innifalið í tölum fyrir Íbúðalánasjóð eru íbúðabréf (HFF bréf) sem frátekin eru vegna samnings við aðalmiðlara.
- Ríkissjóður innleysti í árslok 2010 ábyrgðaskuldbindingar vegna Lánasjóðs Landbúnaðarins, Landsbanka Íslands hf, Glitnis banka hf, samtals að upphæð kr. 22,53 ma.kr.
- Ríkissjóður innleysti í árslok 2012 ábyrgðaskuldbindingar vegna Kaupþing banka hf, samtals að upphæð 1,5 ma.kr.
- Innstæður í íslenskum bönkum, sem ríkisábyrgðar njóta samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands, eru ekki meðtaldar í yfirliti yfir ríkisábyrgðir.